



MÁLSMEDFERÐARREGLUR

siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga

1. gr.

Skipun og hlutverk siðanefndar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skipar þriggja manna siðanefnd til fjögurra ára í senn. Einn þeirra sem skipaður er hefur sérþekkingu á sviði siðfræði, einn sérþekkingu á sviði lögræði og sá þriðji víðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum. Stjórn sambandsins skipar formann og varaformann nefndarinnar.

Helstu verkefni siðanefndar eru:

1. Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
2. Af gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.
3. Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.
4. Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.

2. gr.

Skilyrði málsmeðferðar.

Þegar mál berst nefndinni fer fram upphafsathugun á því hvort skilyrði séu uppfyllt fyrir því að það verði tekið til meðferðar. Formaður annast upphafsathugun í samráði við starfsmann nefndarinnar og aðra nefndarmenn eftir því sem tilefni er til.

Upphafsathugun beinist að því hvort mál hafi almenna skírskotun þannig að draga megi lærdóm af umfjöllun nefndarinnar. Horft er til þess hvort færa megi framkvæmd siðareglna hlutaðeigandi sveitarfélags til betra horfs í framtíðinni.

Að öllu jöfnu tekur nefndin ekki til meðferðar mál sem eru eða geta komið til umfjöllunar hjá öðrum aðilum. Nefndin fjallar ekki um mál skv. 1. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga (setning, staðfesting eða almenn endurskoðun siðareglna).

Umboð siðanefndar í einstöku máli nær ekki til þess rannsaka málsatvik með sjálfstæðum hætti. Liggi málsatvik ljós fyrir gildir að jafnaði að nefndin aftar ekki frekari gagna. Nefndin getur þó óskað eftir gögnum til þess að taka megi afstöðu til hæfis nefndarmanna skv. 4. gr. eða til þess að skýra málsgrundvöll.

Berist erindi ásamt beiðni um nafnleynd getur nefndin í undantekningartilvikum ákveðið að verða við slíkri beiðni og þannig að trúnaður ríki um meðferð málsins. Séu ekki forsendur til þess að verða við beiðni um nafnleynd skal málshefjandi upplýstur um það símleiðis eða í tölvupósti og honum gefinn kostur á að draga erindið tilbaka, enda séu skilyrði málsmeðferðar þá ekki uppfyllt.

Leiði upphafsathugun í ljós að skilyrði málsmeðferðar séu ekki uppfyllt er máli vísað frá. Frávísun er tilkynnt bréflaga þeim sem málið sendi inn ásamt stuttum rökstuðningi. Bréfið er bókað í fundargerð næsta fundar nefndarinnar.

3. gr.

Undirbúningur málsmeðferðar.

Erindi sem uppfylla skilyrði málsmeðferðar eru tekin á dagskrá síðanefndar og til umfjöllunar á fundi hennar. Mál þar sem fallist hefur verið á beiðni um nafnleynd og trúnaður skal ríkja um eru færð í trúnaðarbók og auðkennd þannig í fundargerð.

4. gr.

Hæfi nefndarmanna.

Nefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Sama gildir ef um er að ræða sérstök tengsl nefndarmanns við stjórnslu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Víki nefndarmaður sæti skipar stjórn sambandsins annan nefndarmann í hans stað.

Nefndarmaður skal upplýsa aðra nefndarmenn um atvik sem geta valdið því að honum beri að víkja sæti. Nefndin tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns og má nefndarmaður sem hlut á að máli taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

5. gr.

Málsaðild.

Nefndin tekur afstöðu til þess hverjir eigi hlut að máli sem tekið er til meðferðar af henni. Málshefjandi telst aðili máls en auk þess geta aðrir talist til málsaðila ef framkvæmd síðareglna hlutaðeigandi sveitarfélags varðar þá sérstaklega.

Þeir sem nefndin telur að eigi aðild að máli eru upplýstir bréflaga eða í tölvupósti um að mál sé til meðferðar og kynnt þau sjónarmið sem fram eru komin.

Málsaðila er heimilt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og skulu slík gögn bókuð á málið. Nefndin tekur afstöðu til þess hvort gögn sem berast frá öðrum aðilum eigi erindi inn í málið og hvort viðkomandi fái stöðu málsaðila eftir að slík gögn hafa borist.

6. gr.
Niðurstæða í máli.

Þegar umfjöllun lýkur um mál sem tekið hefur verið til meðferðar, er jafnframt tekin afstaða til þess hvernig niðurstöðu verði komið á framfæri.

Ef ófært er að komast að skýrri niðurstöðu vegna skorts á upplýsingum getur nefndin vísað máli frá en rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu skal þó vera ítarlegri en skv. 2. gr. Nefndin getur með sama hætti vísað máli frá ef grundvöllur þess hefur tekið verulegum breytingum eftir að það var tekið til meðferðar.

Hafi aðilar náð sátt í máli getur nefndin lokið umfjöllun sinni með vísan til þeirrar niðurstöðu. Nefndin getur samhliða tekið saman álit um framkvæmd siðareglna hlutaðeigandi sveitarfélags enda hafi það almenna skírskotun.

Ljúki máli ekki með frávísun eða sátt tekur nefndin saman álit með niðurstöðu sinni.

Álit skulu ítarlega rökstudd og fram koma hvernig nefndin telur að færa megi framkvæmd siðareglna hlutaðeigandi sveitarfélags til betra horfs í framtíðinni.

Ef uppi er mismunandi afstaða nefndarmanna til niðurstöðu skulu tekin saman sérálit um þau atriði sem skiptar skoðanir eru um.

7. gr.
Birting álits.

Álit siðanefndar, ásamt sérálitum ef við á, skulu bréfluga send þeim sem vísað hefur máli til nefndarinnar. Aðrir málsaðilar, sbr. 5. gr. fá einnig sent álit bréfluga.

Útdráttur úr áliti skal færður í fundargerð nefndarinnar og sendur viðkomandi sveitarfélagi, nema nafnleynd hafi verið ákveðin skv. 5. mgr. 2. gr. Útdrátturinn skal birtur á vef sambandsins eftir að fundargerðin hefur verið lögð fyrir stjórn sambandsins.

8. gr.
Fundargerðir.

Starfsmaður nefndarinnar færir fundargerðir hennar. Drög fundargerðar fyrri fundar skulu send út með fundarboði og fundargerðin staðfest formlega með undirritun nefndarmanna. Staðfestar fundargerðir eru birtar á heimasíðu sambandsins eftir að þær hafa verið lagðar fyrir stjórn þess.